

## Tillaga til aðalfundar Búfesti hsf 2024

### Lagt er til að aðalfundur samþykki svohljóðandi ákvörðun um fyrirkomulag viðhalds.

Samkvæmt almennum reglum skulu eldavél, bakarofn og háfur/gufugleypir vera fylgifé íbúðarhúsnæðis. Aðalfundur Búfestis hsf. ákveður að félagið gefi búsetum sem eru enn með önnur tæki í eigu félagsins í íbúðum sínum þau tæki, sem eru einkum þvottavél, þurrkari, ísskápur eða uppþvottavél.

Kjósi búseti að félagið annist um viðhald og endurnýjun þessara tækja samkvæmt viðhaldsáætlun, getur hann óskað sérstaklega eftir því gegn herra viðhaldsgjaldi vegna þess kostnaðar eins og það er ákvarðað á hverjum tíma, sem er m.v. 1. júní 2024 kr. 11.700,- á mánuði. Búseti skal tilkynna félaginu skriflega (t.d. með tölvupósti) eigi síðar en 20. maí 2024 vilji hann greiða herra viðhaldsgjaldið. Að öðrum kosti telst búseti vera orðinn eigandi tækjanna og viðhaldsskyldur félagsins vegna þeirra fallin niður.

### Rök með ákvörðun aðalfundar:

Félagið hefur að undanfögnu ekki afhent neinar íbúðir með þessum tækjum en mörg undanfarin ár hafa hluti af íbúðum notið þessa hagræðis.

Mikil kostnaður er af þessu fyrir félagið og telur aðalfundur ekki réttlætandi að sumir njóti þessara gæða en allir greiða fyrir þau.

Jafnræðissjónarmið ræður hér ferðinni. Auk þess er heppilegra að búseti geti sjálfur ákveðið út frá eigin forsendum hvaða og hvernig tæki hann kýs að hafa í sinni íbúð. Er til þess að líta að almennt eru þessi tæki ekki venjulegt fylgifé fasteignar. Þannig getur búseti tekið þessi tæki með sér ef hann flytur úr íbúð.